



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Leiðbeinandi tilmæli

nr. 1/2016

um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja

Ekki í gildi

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

15. apríl 2016

Inngangur

Fjármálaeftirlitið gefur út leiðbeinandi tilmæli um innri stjórnarhætti (e. internal governance) fjármálafyrirtækja. Markmiðið með tilmælunum er að fjármálafyrirtæki hér á landi starfi eftir samræmdum viðmiðum um bestu framkvæmd varðandi innri stjórnarhætti. Tilmælin taka til fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og gilda eftir því sem við á bæði um móðurfélög og samstæður þeirra.

Þessi leiðbeinandi tilmæli eiga erindi við stjórnarmenn fjármálafyrirtækja og stjórnendur sem koma að daglegum rekstri þeirra. Til stjórnenda í þeim skilningi teljast framkvæmdastjórar (bankastjórar) og aðrir stjórnendur¹ einstakra eininga fjármálafyrirtækja, og þá sérstaklega þeirra eininga sem eru hluti af innra eftirliti, t.d. áhættustýringu, regluvörslu og innri endurskoðun.

Tilmælin skýra skyldur stjórnar fjármálafyrirtækja

Samkvæmt 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, ber stjórn fjármálafyrirtækis ábyrgð á starfsemi og stefnumótun þess, svo og áhættustefnu og að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits sem samræmist ákvæðum laga nr. 161/2002 og reglum settum með stoð í þeim. Stjórn ber ábyrgð á að fullnægjandi eftirlit sé viðhaft með bókhaldi og að meðferð fjármuna félagsins sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda. Stjórnin ber jafnframt ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn fyrirtækisins, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Ekki í gildi

Þessum leiðbeinandi tilmælum er ætlað að skýra nánar þær skyldur sem kveðið er á um í fyrrnefndri 54. gr. laganna og hvernig þeim skuli fullnægt. Í tilmælunum er að finna heildstætt yfirlit yfir þær kröfur sem Fjármálaeftirlitið gerir til innri stjórnarháttá fjármálafyrirtækja. Jafnframt veita tilmælin yfirsýn yfir brýnustu verkefni stjórnar, sem Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að sé sinnt af kostgæfni.

Viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar

Tilmælin byggja á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) frá 27. september 2011, *EBA Guidelines on Internal Governance (GL44)*² sem eru hluti af tilmælunum. Fjármálafyrirtæki hér á landi þurfa því að kynna sér efni viðmiðunarreglnanna. Viðmiðunarreglum EBA er ætlað að taka á veikleikum í starfsemi evrópska fjármálafyrirtækja

¹ Framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækja sem hafa starfsleyfi sem viðskiptabankar nefnast í daglegu tali *bankastjórar* en aðrir stjórnendur í sömu fyrirtækjum nefnast stundum í daglegu tali framkvæmdastjórar. Tilmælin varða störf framkvæmdastjóra í lagalegum skilningi hugtaksins í öllum gerðum fjármálafyrirtækja, svo og störf annarra stjórnenda í sömu fyrirtækjum.

² European Banking Authority, EBA Guidelines on Internal Governance (GL44), 27. September 2011. https://www.eba.europa.eu/documents/10180/103861/EBA-BS-2011-116-final-EBA-Guidelines-on-Internal-Governance-%282%29_1.pdf

í kjölfar alþjóðlegu bankakreppunnar 2008-2009. Gjaldprot margra evrópskra banka leiddu í ljós að sams konar vandkvæði voru til staðar í þessum fyrirtækjum og sneru þau í mörgum tilvikum að stjórnarháttum fyrirtækjanna.

Ítarlega umfjöllun um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja er að finna í tilvitnuðum viðmiðunarreglum EBA (GL44). Þar er meðal annars fjallað um skipurit og gagnsæi í stjórnskipulagi fjármálafyrirtækja ásamt starfsemi, hlutverk og ábyrgð stjórnar. Einnig er fjallað um áhættustýringu, áhættumenningu, innra eftirlit og gæði upplýsingakerfa.

Í fyrrnefndum viðmiðunarreglum EBA (GL44) er getið um 33 meginreglur sem beint er til fjármálafyrirtækja að hafa til hliðsjónar í starfsemi sinni. Hverri meginreglu fylgja skýringar og útfærslur sem taka á tillit til. Tilmæli þessi eru byggð þannig upp að getið er um hverja og eina af þessum 33 meginreglum en til nánari útskýringar á hverri meginreglu er vísað í viðmiðunarreglur EBA (GL 44). Þar sem viðmiðunarreglur EBA eru hluti af þessum tilmælum þurfa fjármálafyrirtæki að kynna sér þær skýringar og útfærslur sem fylgja hverri meginreglu um einstaka hluta tilmælanna og taka tillit til þeirra.

Fjármálaeftirlitið bendir jafnframt á að Basel nefndin um bankaeftirlit³, hefur gefið út leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrir banka og eftirlit með þeim: *Corporate governance principles for banks*. Í þeim koma fram almenn viðmið um stjórnarhætti sem bankar ættu að taka tillit til í starfsemi sinni.

Tengsl við könnunar- og matsferli hjá fjármálafyrirtækjum, viðbrögð við brotum á lögum eða reglum og hlutfallsregla

Tilmæli þessi hafa að geyma viðmið til nánari skýringar um þær kröfur sem lög og reglur kveða á um varðandi stjórnarhætti fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið leggur viðmiðin til grundvallar við mat á stjórnarháttum í könnunar- og matsferli hjá fjármálafyrirtækjum og hvort farið sé að lögum og reglum, þ.m.t. heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða reglum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998, og leggur mat á hvort tilefni sé til að beita öðrum úrræðum til að bregðast við broti.

Fjármálafyrirtækjum er heimilt að fylgja meginreglum þessara tilmæla, skýringum og útfærslum í viðmiðunarreglum EB (GL 44) í samræmi við starfsemi sína og með hliðsjón af hlutfallsreglu (e. principle of proportionality). Fjármálafyrirtækjum ber að sýna fram á að hlítning við tilmælin taki mið af eðli, stærð og margbreytileika í starfsemi þess, svo og umfangi áhættu í starfseminni.

³ Basel Committee on Banking Supervision, Corporate governance principles for banks, July 2015. www.bis.org/bcbst/publ/d328.pdf

Leiðbeinandi tilmæli um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja

1. *Stjórnarhættir* er víðtækt hugtak sem lýsir sambandi og samskiptum á milli fyrirtækis, stjórnenda, hluthafa og annarra haghafa. Innri stjórnarhættir fyrirtækis eru mikilvægur þáttur í stjórnarháttum þar sem áherslan er á innra skipulag fjármálafyrirtækis.
 2. Innri stjórnarhættir fela í sér alla staðla og reglur sem varða markmið, stefnu, áhættuþol og áhættusækni fjármálafyrirtækis, hvernig skipurit og rekstur þess eru skipulögð, skilgreiningu á hlutverki og ábyrgð innan þess og hvernig upplýsingaflæði eða skýrslugjöf á milli eininga er háttað og virkni innra eftirlits. Innri stjórnarhættir fela einnig í sér traust upplýsingakerfi, útvistun og hvernig samfelldur rekstur fyrirtækis er tryggður. Tilmælin eru í samræmi við hið svonefnda þriggja þrepa eftirlitslíkan (e. three lines of defense). Fyrsta varnarlínan snýr að daglegum rekstri og kveður á um hlutverk og ábyrgð stjórnenda og starfsmanna einstakra eininga við að greina, mæla, meta, vakta og upplýsa um áhættu. Önnur varnarlínan snýr að því að fjármálafyrirtæki skal þróa og viðhalda virku kerfi innra eftirlits til að tryggja fullnægjandi áhættustýringu, heilbrigða viðskiptahætti, gæði upplýsinga og að farið sé að lögum, reglum og leiðbeinandi tilmælum í starfseminni. Eftirlitseiningarnar sem hafa þetta hlutverk, svo sem áhættustýring og regluvarsla, veita upplýsingar til stjórnenda og stjórnar um heildarmat eða yfirsýn á stöðu einstakra þátta innra eftirlits og áhættustýringar. Þriðja varnarlínan tekur til innri endurskoðunar sem veitir óháð mat á virkni fyrstu og annarrar varnarlínu og hversu vel þær sinna sínu hlutverki.
- Ekki í gildi**
3. Skipurit, skilgreining á hlutverki og ábyrgð og starfsheiti eru mismunandi eftir fjármálafyrirtækjum. Í ljósi þess eru notuð hugtökin „stjórn“ og „stjórnendur“ í tilmælunum. Tilmælin skilgreina í flestum tilfellum hvort tiltekið verkefni eða ábyrgð sé stjórnar, framkvæmdastjóra eða einstakra stjórnenda fjármálafyrirtækis. Í þeim tilfellum sem það er ekki gert, er lögð áhersla á að fjármálafyrirtæki tryggi sjálft að viðkomandi verkefni eða ábyrgð séu skilgreind og framkvæmd.

A. Skipurit og uppbygging fjármálafyrirtækis

4. Skipurit fjármálafyrirtækis

Stjórn fjármálafyrirtækis skal tryggja að skipulag fyrirtækisins sé gagnsætt og hæfi starfsemi þess. Skipulagið skal hvetja til og fela í sér skilvirka og varfærna stjórnun fyrirtækisins á einingargrunni og samstæðugrunni. Boðleiðir og skipting verkefna og ábyrgðar skulu vera skýr, vel skilgreind, samhæfð og eftir þeim farið.

5. Skipting ábyrgðar og verkefna innan samstæðu

Tilheyri fjármálafyrirtæki samstæðu ber stjórn móðurfélagsins ábyrgð á innri stjórnarháttum fyrir samstæðuna í heild og skal tryggja að til staðar sé stjórnskipulag sem hæfir innviðum og uppbyggingu samstæðunnar, starfsemi hennar og áhættuþáttum sem hún og einstakar einingar hennar standa frammi fyrir.

6. Skilningur og þekking á innviðum og uppbyggingu fjármálafyrirtækis

Stjórn fjármálafyrirtækis skal þekkja og skilja innviði og uppbyggingu fyrirtækisins (e. know your structure). Stjórn skal jafnframt tryggja að innviðir og uppbygging fyrirtækisins samræmist samþykktri viðskiptastefnu og áhættusniði þess.

7. Óhefðbundin eða ógagnsæ starfsemi

Ef fjármálafyrirtæki nýtir í starfsemi sinni sérstakar einingar (e. special purpose vehicle (SPV)), sambærileg félög eða óhefðbundna uppbyggingu, t.a.m. með starfsemi í ríki sem takmarkar gagnsæi viðskipta eða uppfyllir ekki kröfur alþjóðlegra staðla um bankastarfsemi, skal stjórn þess skilja tilgang þessarar starfsemi, uppbyggingu og þá áhættuþætti sem tengjast henni. Stjórn skal aðeins samþykkja slíka starfsemi hafi hún, á grundvelli skriflegra upplýsinga, vissu fyrir því að áhættu í tengslum við starfsemina verði stýrt með fullnægjandi hætti.

B. Stjórn fjármálafyrirtækis

B. 1 Hlutverk og ábyrgð stjórnar

8. Hlutverk og ábyrgð stjórnar

Stjórn ber ábyrgð á starfsemi og stefnumótun fjármálafyrirtækis, sbr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Hlutverk og ábyrgð stjórnar skal vera skilgreind og skráð, með skýrum hætti, í starfsreglum stjórnar.

Ekki í gildi

9. Mat á innri stjórnarháttum

Stjórn skal hafa eftirlit með og meta skilvirkni innra stjórnskipulags fjármálafyrirtækis með reglubundnum hætti. Mat á innra stjórnskipulagi skal fara fram að minnsta kosti árlega. Við matið skal áhersla lögð á hvers konar breytingar á innri og ytri þáttum sem hafa áhrif á fjármálafyrirtækið.

10. Stjórn, framkvæmdastjóri og aðrir stjórnendur

Stjórn fjármálafyrirtækis og framkvæmdastjóri, og eftir atvikum aðrir stjórnendur sem sinna daglegum rekstri, skulu sjá til þess að samskipti þeirra á milli séu skilvirk. Stjórn skal yfirfara tillögur, skýringar og upplýsingar frá stjórnendum með gagnrýna hugsun að leiðarljósi.

B. 2 Samsetning og starfsemi stjórnar

11. Samsetning, skipun og tilnefning stjórnar

Stjórn skal samstanda af nægjanlegum fjölda stjórnarmanna og vera samsett með viðeigandi hætti, sbr. 51. og 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Fjármálafyrirtæki skal setja sér stefnu varðandi kosningu stjórnar, samsetningu hennar og skipun nýrra stjórnarmanna.

12. Skuldbinding stjórnarmanna og hagsmunaárekstrar

Stjórnarmenn skulu hafa þekkingu á starfsemi fjármálafyrirtækis, vera sjálfstæðir í störfum sínum, taka ígrundaðar ákvarðanir og leggja óhlutdrægt mat á málefni félagsins.

13. Hæfi og hæfni stjórnar

Stjórnarmenn skulu uppfylla kröfur um hæfi og hæfni allan skipunartíma sinn og nýta sér í þeim tilgangi viðeigandi þjálfun. Þeim ber að hafa skýran skilning á virkni innra stjórnskipulags fjármálafyrirtækis, og hlutverki stjórnarmanna innan þess. Þeir skulu sem einstaklingar og heild, búa yfir nægilegri þekkingu, reynslu og persónulegri hæfni, þar með talið fagmennsku og heiðarleika, til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

14. Innra skipulag og hlutverk stjórnar innan þess

Stjórn fjármálafyrirtækis skal í eigin starfsreglum skilgreina það verklag og þau vinnubrögð sem eru viðeigandi í ljósi hlutverks stjórnar í stjórnskipulagi fyrirtækisins. Stjórn skal sjá til þess að því verklagi og þeim vinnubrögðum sé fylgt og þau endurmetin, og eftir atvikum endurbætt, með reglubundnum hætti. Verklag og vinnubrögð stjórnar ættu m.a. að taka til eftirfarandi þátta:

- Stjórnarfundir

Stjórn skal ákveða tíðni stjórnarfunda, skipulag þeirra og ritun og samþykkt fundargerða.

Ekki í gildi

- Mat á skilvirkni stjórnar

Stjórn skal árlega meta stjórnarhætti sína en það felur í sér mat á skilvirkni og störfum einstakra stjórnarmanna, stjórnar og undirnefnda.

- Hlutverk stjórnarformanns

Stjórnarformaður skal sjá til þess að ákvarðanir stjórnar séu teknar á traustum og upplýstum grunni. Hann skal hvetja til opinna samskipta og stuðla að uppbyggilegum umræðum, þar sem ólík viðhorf og skoðanir geta komið fram áður en til ákvarðanatöku kemur.

- Undirnefndir vegna starfsemi stjórnar

Stjórn skal koma á viðeigandi skipulagi undirnefnda til þess að styðja við þróun, innleiðingu og eftirlit með þeim viðfangsefnum stjórnar sem teljast mikilvæg og krefjast aukinnar athygli eða sérþekkingar, t.d. endurskoðunarnefnd, áhættunefnd, tilnefningarnefnd og starfskjaranefnd. Undirnefndir vegna starfsemi stjórnar gegna ekki hlutverki staðgengla stjórnar og draga ekki úr ábyrgð stjórnar á viðkomandi efnisþætti.

B. 3 Viðskiptahættir

15. Gildi og siðareglur (e. code of conduct) fyrirtækisins

Stjórn skal stuðla að og leggja áherslu á fagmennsku og gott siðferði og hvetja til þess að starfsmenn fjármálafyrirtækis starfi með þau að leiðarljósi. Ef orðspor fjármálafyrirtækis bíður hnekki getur verið erfitt að endurvekja traust, sem hefur alvarleg áhrif á fjármálamarkaðinn. Innleiðing siðareglna varðandi faglega og ábyrga hegðun innan fjármálafyrirtækis mun draga úr rekstrar- og orðsporsáhættu, sérstaklega ef mikilvægi reglnanna er undirstrikað innan fyrirtækisins og áhersla lögð á að þeim sé fylgt.

16. Hagsmunaárekstrar

Stjórn ber ábyrgð á að innra skipulag stuðli að gagnsæi og nægjanlegum og viðeigandi aðskilnaði starfa til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum. Stjórn fjármálafyrirtækis skal koma á fót, innleiða og viðhalda skilvirkri stefnu til að greina hagsmunaárekstra. Stefna um hagsmunaárekstra skal meðal annars greina frá tengslum, þjónustu, starfsemi og viðskiptum fjármálafyrirtækis sem gætu skapað hagsmunaárekstra og tilgreina hvernig þeir skuli meðhöndlaðir.

17. Ábendingar vegna misferlis

Stjórn fjármálafyrirtækis skal sjá til þess að viðeigandi verklag sé til staðar innan fyrirtækisins til að starfsmenn þess geti komið á framfæri ábendingum er varða misferli innan fyrirtækisins.

Ekki í gildi

B. 4 Útvistun og starfskjarastefna

18. Útvistun

Stjórn skal samþykkja og endurmeta með reglubundnum hætti útvistarstefnu fjármálafyrirtækis, sbr. 8. tölul. leiðbeinandi tilmæla nr. 6/2014, um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum. Útvistarstefna fyrirtækisins ætti jafnframt að uppfylla aðrar kröfur sömu tilmæla.

19. Starfskjarastefna

Stjórn skal hafa yfirsýn yfir starfskjarastefnu fjármálafyrirtækisins, samþykkja hana og hafa með henni eftirlit.

C. Stjórnskipulag áhættustýringar

20. Áhættumenning (e. risk culture)

Fjármálafyrirtæki skal þróa og innleiða áhættumenningu sem er heildstæð og nær til allra eininga innan þess. Áhættumenning fjármálafyrirtækis skal fela í sér að stjórn, framkvæmdastjóri og aðrir starfsmenn hafi þekkingu og fullan skilning á sínu hlutverki vegna þeirra áhættuþátta sem fyrirtækið stendur frammi fyrir og hvernig þeim er stýrt með tilliti til áhættuvilja þess.

21. Samræming starfskjarastefnu við áhættusnið

Starfskjarastefna fjármálafyrirtækis og verklagsreglur í tengslum við hana skulu vera í samræmi við áhættusnið fyrirtækisins og stuðla að heilbrigðri og skilvirkri áhættustýringu með því að tryggja sé að hvatar samkvæmt starfskjarastefnu samræmist áhættustefnu fyrirtækisins og ýti ekki undir óhóflega áhættutöku í fyrirtækinu.

22. Stjórnskipulag áhættustýringar

Stjórnskipulag áhættustýringar fjármálafyrirtækis skal m.a. fela í sér í stefnur, verklagsreglur, viðmið, vikmörk og stjórnþæki sem veita viðeigandi, tímanlega og samfellda greiningu, mælingu, mat, vöktun, mildun og upplýsingagjöf um þá áhættuþætti sem felast í starfsemi fyrirtækisins.

23. Nýbreytni á fjármálamarkaði

Fjármálafyrirtæki skal hafa til staðar skriflega stefnu um samþykktarferli vegna nýbreytni á fjármálamarkaði sem skal samþykkt af stjórn og fjalla um; i) þróun vegna nýrra markaða, nýrra afurða og nýrrar þjónustu og ii) verulegar breytingar á mörkuðum sem fjármálafyrirtæki starfar á, afurðir sem fjármálafyrirtækið býður upp á og þjónustu sem fyrirtækið sinnir.

D. Innra eftirlit**Ekki í gildi**

24. Stjórnskipulag innra eftirlits

Fjármálafyrirtæki skal þróa og viðhalda skilvirku og heildstæðu stjórnskipulagi innra eftirlits, sem m.a. felur í sér sjálfstæðar eftirlitseiningar sem hafa viðeigandi stöðu í stjórnskipulagi fjármálafyrirtækis til að annast verkefni sem þeim eru falin.

25. Áhættustýring

Fjármálafyrirtæki skal koma á fót heildstæðri og sjálfstæðri einingu sem annast áhættustýringu, sbr. 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

26. Hlutverk starfssviðs áhættustýringar

Starfssvið áhættustýringar skal taka virkan þátt í mótun áhættustefnu fjármálafyrirtækis og koma að öllum mikilvægum ákvörðunum sem tengjast áhættustýringu. Starfssvið áhættustýringar skal tryggja að skilvirk verkferli vegna áhættustýringar séu til staðar innan fjármálafyrirtækis. Slík skjalfest verkferli skulu m.a. skýra hlutverk áhættustýringar vegna eftirfarandi efnisþátta:

- Stefna fjármálafyrirtækis og ákvarðanatoka
- Viðskipti við tengda/venslaða aðila (e. related parties)
- Flækjustig í tengslum við lagalega uppbyggingu fjármálafyrirtækisins
- Mikils háttar breytingar er hafa áhrif á áhættusnið fjármálafyrirtækis

- Mælingar og mat á áhættupáttum
- Vöktun á áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækis
- Ósamþykktar áhættuskuldbindingar

27. Yfirmaður áhættustýringar

Fjármálafyrirtæki skal tilnefna aðila, yfirmann áhættustýringar (CRO), sem ber ábyrgð á starfssviði áhættustýringar og hefur eftirlit með skipulagi áhættustýringar fyrir fjármálafyrirtækið í heild sinni, sbr. 17. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Yfirmaður áhættustýringar er ábyrgur fyrir ítarlegri og skýrri upplýsingagjöf um áhættupætti, sem gerir stjórn kleift að skilja áhættusnið fjármálafyrirtækis í heild. Hið sama á við yfirmann áhættustýringar fyrir móðurfélag að því er varðar samstæðu.

28. Eining sem ber ábyrgð á hlítingaráhættu (e. compliance risk)

Fjármálafyrirtæki skal koma á fót einingu sem stýrir, vaktar og metur hlítingaráhættu fyrirtækisins.

Fjármálafyrirtæki skal samþykkja og innleiða stefnu um hlítu við lög, reglur og innri reglur félagsins sem skal miðla til allra starfsmanna fjármálafyrirtækis.

29. Innri endurskoðun

Starfssvið innri endurskoðunar skal leggja mat á virkni innra eftirlits fjármálafyrirtækis, sbr. 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki og leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2008, um störf endurskoðunarrekta fjármálafyrirtækja.

Ekki í gildi

E. Upplýsingakerfi og samfelldur rekstur

30. Upplýsinga- og samskiptakerfi

Fjármálafyrirtæki skal búa yfir skilvirkum og traustum upplýsinga- og samskiptakerfum sem ná til allrar mikilvægrar starfsemi. Upplýsingakerfi fyrirtækisins ættu að uppfylla allar kröfur leiðbeinandi tilmæla nr. 2/2014, um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila.

31. Stýring samfellds rekstrar og viðbúnaðaráætlun

Fjármálafyrirtæki skal gera aðgerðaáætlun um stýringu samfellds rekstrar ásamt viðbúnaðaráætlun til að tryggja að fyrirtækið geti starfað með samfelldum hætti og takmarkað tap ef kemur til stórfelldrar rekstrartruflunar.

F. Gagnsæi

32. Miðlun og fylgni við reglur (e. empowerment)

Stefnur og verklagsreglur fjármálafyrirtækis skulu settar fram með skýrum hætti og miðlað til starfsmanna innan allra starfseininga fyrirtækisins. Starfsmenn ættu að þekkja stefnur og verklagsreglur er varða störf þeirra og ábyrgð og fylgja þeim.

33. Gagnsæi vegna innri stjórnarháttá

Innra stjórnskipulag fjármálafyrirtækis skal vera gagnsætt. Fjármálafyrirtæki skal birta upplýsingar um núverandi stöðu sína og framtíðarhorfur með skýrum, yfirveguðum, nákvæmum og tímanlegum hætti.

Fjármálaeftirlitinu, 13. apríl 2016



Unnur Gunnarsdóttir

Ekki í gildi



Sigurður Freyr Jónatansson